



NÚVERANDI ÁSKORANIR

Í meira en ár hefur Berthe fundið fyrir áhrifum tíðahvarfa. Það tók hana smá tíma að átta sig á því hvað var að gerast. Hún fann til þreytu, var með verki en verst var „heilapokan“ sem olli vanhæfni til að taka ákvarðanir og olli lamandi sjálfsefa. Berthe, sem venjulega er sjálförugg, hefur fundist erfitt að taka ákvarðanir, ekki endilega stórar ákvarðanir, til dæmis bara það að hringja í samstarfsmann getur valdið kvíða í langan tíma. Hún upplifir sig líka tilfinningalega óstöðuga í vinnunni, kemst stundum í uppnám og tárast, stundum reið eða pirruð, stundum mjög árásargjörn þegar karlkyns samstarfsmenn gera lítið úr henni eða reyna að grafa undan henni, sem gerist oft á fundum þegar þeir byrja að „hrútskýra“ einhver grundvallarhugtök fyrir henni!

BERTHE

HÁSKÓLALEKTOR

ALDUR 52

KYN Kona

ÞJÓÐERNI Hollensk, ættuð frá Kongó.

FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR Býr ein en á maka og er virk í félagslífi.

STARF/FERILL Starfar við háskólann í Árósum. Hún hefur umsjón með doktorsnemum, heldur fyrirlestra í kvennafræðum, kynjafjölbreytileika og gagnrýninni kynþáttafræði sem hún hefur brennandi áhuga á.

PERSÓNULEGAR SKOÐANIR UM JAFNRÉTTI KYNJANNA Mjög meðvituð um kynjajafnrétti, er virk baráttukona. Sérfræðingur í sumum jafnréttismálum.

VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Berthe finnur fyrir innri átökum; það er eitt að vera sérfræðingur í málefnum kvenna og jafnrétti kynjanna, en það er allt annað að berjast fyrir eigin réttindum. Hún finnur fyrir skömm og er skyndilega miklu meðvitaðri um að hún er að eldast og hve gömul hún er á vinnustaðnum. Henni finnst eins og að það að vekja of mikla athygli á sjálfri sér á einhvern hátt veki um leið athygli á aldri hennar og geti mögulega orsakað að henni verði mismunað. Hún átti samtalið við kvenkyns yfirmann sinn sem sagði að hún væri líklega „dálítið þunglynd“ og ætti að panta tíma hjá læknum sínum. Þetta var Berthe nokkuð áfall og í augnablikinu gat hún ekki brugðist við. Eftir á var hún reið yfir því að verið væri að sjúkdómsvæða fullkomlega eðlilegt ástand og það greint sem eitthvað óeðlilegt.

HVATNING

- Berthe er ekki alveg viss um hvernig hún á að takast á við þær áskoranir sem hún stendur frammi fyrir. Henni finnst að hún ætti að láta í sér heyrna fyrir konur á hennar aldri sem standa frammi fyrir sama vandamáli en á sama tíma gæti það haft neikvæð áhrif á starfsferil hennar. Þetta er mikil siðferðileg áskorun fyrir hana. Sú tilfinningalega þreyta sem fylgir því að takast á við breytingaskeiðið og reyna að hafa næga orku fyrir vinnuna og halda heilsu er að taka mikinn toll og undanfarið hefur hún verið að velta fyrir sér öðrum starfsmöguleikum. Þetta truflar hana líka. Henni finnst það vera nokkurs konar flótti. Henni finnst að hún eigi inni eitt skref í viðbót á ferli sínum en hún spyr sjálfa sig hvort hún sé í standi til að vera prófessor í núverandi andlegu ástandi. Hún vill fá hærra launað starf síðustu árin af starfsævinni til að auka greiðslur í lífeyrissjóð.

VINNUAÐSTÆÐUR

- Berthe er mjög vel metin af samstarfsfólki. Hún getur verið svolítið ógnvekjandi. Samstarfsmenn hafa tekið eftir því að það er frekar stuttur í henni þráðurinn upp á síðkastið. Undirmönnum hennar finnst hún stundum stutt í spuna, neikvæð og ósanngjörn, en aðra daga getur hún verið mjög skilningsrík og samúðarfull. Satt að segja veldur þetta dálitlu óöryggi.
- Yfirmaður hennar hefur tekið eftir einbeitingarskortri hjá henni og veltir því fyrir sér hvort hún sé kannski eitthvað niurdregin. Hún varð fyrir missi síðastliðið ár sem hún tókst kannski aldrei að fullu á við. Ef hún vill verða prófessor verður hún að afla meira fé til rannsókna og gefa meira út. Hún var byrjuð að skrifa bók en hefur lítið komist áfram.

Spurningar stjórnanda

- Sem yngri kvenkyns stjórnandi væri gagnlegt að hafa meiri skilning á þeim vandamálum sem Berthe stendur frammi fyrir; hvaða ráðstafana ætti ég að grípa til?
- Ég talaði við mannauðsdeildina og þau sögðu mér að benda henni á að tala við lækinn sinn. Mér finnst að ég ætti að gera meira fyrir hana, en ég veit ekki hvað ég á að gera. Ef ég vísa henni til læknisins, mun hún móðgast?
- Eigum við að hafa almennilega stefnu? Svoleiðis stefna þarf að byggja á traustum grunni því annars mun Berthe benda á það.
- Hvernig dreg ég fram hvað það er sem er að trufla Berthe? Ég vil ekki móðga hana – ég er reyndar svolítið hrædd við hana. Ætti ég að viðurkenna mitt eigið óryggi og fá einhvern mér æðri til að mæta með mér á fundinn til að styðja við hvernig við tökumst á við þetta? Myndi þetta kannski vekja reiði Berthe? Hvað ætti ég að segja?

Spurningar samstarfsfólks

- Kemur einhver í vinnuna „til að vinna“ nú orðið, frekar en að röfla endalaust um einhver gæluverkefni? Starfsfólk reynir að sýna yfirmönnum skilning en það er oft ekki gagnkvæmt. Þegar þeir vilja skilning frá stjórnendum er þeim einfaldlega sagt að halda áfram með smjörið. Hvers vegna viðgengst slík ósannngirni?
- Sumir karlanna segja að þeir kannist við þetta frá konum í lífi sínu; væri hægt að leita til þeirra um þekkingu á tíðahvörfunum og hvernig á að styðja fjölskyldumeðlimi?
- Það er eins og nú orðið þurfi allt að vera opinbert, hvað með friðhelgi einkalífsins?



Spurningar einstaklingsins

- Ég er svokallaður sérfræðingur í samtvinnun (e. intersectionality) og samt læt ég ekkert í mér heyrja þegar ég sjálf lendi í margvíslegri mismunun og jaðarsetningu. Af hverju á ég svo erfitt með að greina hið persónulega og pólitíska þegar það kemur saman í mínu eigin lífi?
- Af hverju svaraði ég ekki yfirmanni mínum og hvað ætla ég að gera í því?
- Ég er ekki þunglynd. Mér finnst að verið sé að draga ályktanir vegna þess að ég missti föður minn, en í raun var það léttir. Ég var miklu frjálssari til að lifa lífi mínu. Af hverju er missir ástvina svona mikið tabú?
- Ef ég verð áfram í þessu starfi eða sækist eftir stöðuhækkun þarf ég að geta hugsað skýrar, svo hvaða stuðning þarf ég?
- Skólinn er illa í stakk búinn til að takast á við konur í tíðahvörfum; hvernig er hægt að fræða samstarfsmenn?
- Hvernig gæti þetta verið tækifæri til að stuðla að raunverulegum breytingum?

Spurningar stefnumótenda

- Eins og með mörg kynjajafnréttismál, þá er það áskorun að tryggja víðtæka þátttöku innan stofnunarinnar og að þetta sé ekki bara „kvennamálefni“. Af hverju eru málefni kvenna svona jaðarsett?
- Stefnumótendur hafa lýst yfir áhuga á að fá konur á tíðahvörfum til að taka þátt í stefnumótun, en eru þó í klemmu þar sem einhverjir segja að því fylgi stimplun sem sé í raun mismunun. Hvernig er best að halda áfram?
- Skólinn hefur verið að vísa fólki út fyrir skólann til að fá aðstoð þar til búíð er að ákveða hvernig eigi að taka á þessum málum; stefna í þessum málum er bráðnauðsynleg. Hvar ættu stefnumótendur að byrja?